

Alþingi

Erindi nr. P 140/722

komudagur 8.12.2011

Viðtakandi: Atvinnuveganefnd Alþingis

Umsögn um mál 306, frumvarp til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (framlenging gildistíma laganna).

Truenorth ehf., fagnar þessu frumvarpi sem er lykill að því að erlend kvikmyndaverkefni rati til Íslands.

Truenorth er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í að þjónusta erlenda aðila sem vilja kvikmynda á Íslandi. Flest af stærstu erlendu kvikmyndaverkefnum sem ratað hafa til Íslands frá 2003 hafa verið unnin af Truenorth og að auki unnu lykilstarfsmenn fyrirtækisins á stærstu verkefnum sem komu til landsins fyrir þann tíma, sem starfsmenn annars fyrirtækis. Reynsla okkar af þessum lögum og framkvæmd þeirra er því umtalsverð.

Kostur erlendra kvikmyndaverkefna er sá að þau hafa öll verið fjármögnuð fyrirfram og kemur fjármagnið að öllu leiti erlendis frá. Ef þessi verkefni rata ekki til Íslands eru þau framleidd í öðru landi og nýtur það land góðs af þeirri fjárfestingu.

Ísland var í hópi frumkvöðla þeirra sem komu á endurgreiðslukerfi fyrir kvikmyndir. Síðan þá hafa sambærileg kerfi verið tekin upp í fjölmörgum löndum víða um heiminn, enda hafa stjórnvöld alls staðar áttað sig á hversu mikilvæg innspýting þetta er í hagkerfið og hvernig þetta borgar sig fyrir bæði landið og framleiðendurna. Ekki er langt síðan að forsætisráðherra Nýja Sjálands sá sig knúinn til að hafa milligöngu í samningum við kvikmyndastúdíóið Warner Bros. til að tryggja það að kvikmynd byggð á sögu J.R.R. Tolkien um Hobbítan yrði örugglega tekin upp þar í landi eins og þrileikurinn um Hringedröttinsögu, enda gerðu stjórnvöld sér grein fyrir hversu gífurlega mikið fjárhagslegt tjón það yrði fyrir bæði kvikmyndaíðnaðinn þar sem og ríkissjóð ef kvikmyndaátökurnar færu annað.

Stjórnendur stærstu kvikmyndaveranna, sem hafa yfirstjórn yfir fjármögnun kvikmyndanna og hvar þær eru framleiddar, líta fyrst til þess hvort endurgreiðslukerfi er í boði í viðkomandi landi. Ef svo er ekki, er ekkert meira skoðað í því landi og annað land fundið sem býður upp á endurgreiðslur af kostnaði.

Fyrir Ísland er þetta einstaklega mikilvægt. Stærstu kostnaðarliðir í erlendum kvikmyndaverkefnum hér á landi eru laun starfsmanna, flug, hótél, bílaleigubílar, eldsneyti og matur. Þessir liðir eru jafnframt mun dýrari hér á landi en í okkar helstu samkeppnislöndum þrátt fyrir fall krónunnar. Það að þessir liðir falla undir endurgreiðslukerfið mildar "höggið" og gerir Ísland órlítið samkeppnishæfara.

Í umsögn Fjármálaráðuneytisins sem fylgir þessu frumvarpi eru fjölmargar rangfærslur sem við teljum nauðsynlegt að leiðrétta.

TRUENORTH PRODUCTIONS

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík - Iceland - t +354 511 1510

info@truenorth.is - www.truenorth.is

Í fyrsta lagi er talað um endurgreiðslukerfið sem ríkisstyrk, sem er alrangt orðalag. Um er að ræða endurgreiðslu á kostnaði sem þegar er búið að greiða fyrir hér á landi. Í útreikningum sem gerðir hafa verið bæði af okkur í Truenorth sem og þeim sem vlsað er í, í bók Ágústar Einarssonar Hagræn áhrif kvikmyndalistar, kemur skýrt í ljós að þessi verkefni skila hagnaði inn í ríkiskerfið, eflir að búið er að standa skil á endurgreiðslu til framleiðandanna.

Í öðru lagi í umsógn fjármálaráðuneytisins er verið að blanda saman endurgreiðslukerfinu og styrkjum frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Þetta eru algerlega óskyldir hlutir og má ekki undir neinum kringumstæðum blanda því saman. Styrkir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands eru til að styðja við bakið á innlendri kvikmyndagerð og opna þeim leið á að fjármagna framleiðslu kvikmynda hér á landi. Erlend verkefni sem kvikmynduð eru hér á landi eiga ekkert tilkall til styrkja frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar eru fyrst og fremst hugsaðar til að laða að erlend kvikmyndaverkefni, enda er staðan sú að án slíks kerfis myndi ekkert verkefni rata til landsins.

Þarna er jafnframt vlsað til þess að stór hluti af endurgreiðslum sem hafa verið greiddar út frá upphafi hafi ratað til innlendra framleiðenda, sem er rétt en á sér ástæður, einkum tvær. Annars vegar að fljótlega eftir að þetta kerfi var tekið upp hér á landi þá tóku fjölmörg önnur lönd upp sambærileg kerfi og buðu miklu betri endurgreiðslu en Ísland og þar af leiðandi tóku erlendir framleiðendur þau lönd fram yfir Ísland sem tókustað. Með hækkuninni í 20% árið 2009 var samkeppnisstaða Íslands á þessum vettvangi löguð töluvert og í kjölfarið fóru erlend kvikmyndafyrirtæki að sýna Íslandi aftur áhuga. Nokkur verkefni voru alvarlega að skoða Ísland sem tókustað þegar Eyjafjallajökull tók að gjósa og setti strik í reikninginn, sérstaklega vegna þess að ekki var hægt að tryggja kvikmyndatökur hér á landi. Það var ekki fyrr en í október 2010 sem stóru erlendu tryggingafélögin sáu sér aftur fært að tryggja kvikmyndaverkefni sem yrðu tekin upp hér á landi, en slíkar tryggingar eru skilyrði á öllum stórum kvikmyndaverkefnum af hálfu framleiðenda. Það var því loks nú árið 2011 sem erlend verkefni fóru aftur að rata til Íslands.


Í greinargerð fjármálaráðuneytisins er sagt "að framleiðendum í kvikmyndaiðnaði, erlendum sem innlendum, er veittur sjálfstæður réttur til greiðslna úr ríkissjóði uppfylli þeir almenn skilyrði". Þetta er mikil rangfærsla, því lögin kveða skýrt á um hvernig endurgreiðslum er háttað og að upphæðin sé 20% af þeim kostnaði sem fellur til á Íslandi. M.ö.o. því meiri pening sem eytt er á Íslandi því hærr er endurgreiðslan, og jafnframt því eru tekjur Íslands meiri af verkefninu. Það að setja þak á endurgreiðsluupphæðina getur orðið til þess að verkefni komi ekki til landsins. Sérstaklega ef þau eru ákveðin seinni hluta árs og fara í upptökur að hausti eða vetri. En einn af kostum erlendra verkefna er að þau eru mjög oft unninn úti á landsbyggðinni og oft utan hefðbundins ferðamannatíma sem skapar atvinnu og tekjur á viðkomandi landsvæðum á mikilvægum tíma.

Kvikmyndagerð er einstaklega umhverfisvænn iðnaður sem nýtir náttúru landsins á bestan hátt. Þegar kvikmyndatökum er lokið er skilið við tökustað eins og komið var að honum og stundum í betra ásigkomulagi en áður, eins og umsögn bæði Reykjanesbæjar og Reykjanesfólksvagns bera vitni um eftir tókur á *Flags of our Fathers*. Einnig má vísa í jákvæðar umsagnir Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs eftir kvikmyndatökur Ridley Scott við Dettifoss sl. sumar.

Í ár, 2011, voru 2 erlend verkefni á vegum Truenorth í vinnslu hér á landi. Annars vegar viðbótartökur og eftirvinnsla á myndinni *Contraband* og hins vegar upptökur á hluta stórmyndar Ridley Scott, *Prometheus*. Samanlagður kostnaður þessara tveggja verkefna hér á landi nemur rúmum 850 milljónum fyrir utan virðisaukaskatt og kemur allt það fjármagn frá erlendum framleiðendum myndanna í erlendri mynt til landsins.

Verkefnið *Prometheus* gekk einstaklega vel og hefur spurst vel út til annarra fyrirtækja í USA. Það hefur stuðlað að því að mörg verkefni eru nú í skoðun og undirbúningsferli hjá Truenorth fyrir árið 2012 og gera erlendu framleiðendurnir allir ráð fyrir að endurgreiðslulögin verði áfram í gildi í sínum áætlunum. Þess vegna skiptir það sköpum fyrir Ísland til að vera samkeppnishæft og eiga möguleika á að fá þessi verkefni til landsins að lög um endurgreiðslu verði endurnýjuð, því að án þeirra munu engin erlend kvikmyndaverkefni rata til landsins.

Reykjavík, 8. desember 2011
f.h. Truenorth ehf.


Helga Margrét Reykdal
Framkvæmdastjóri

TRUENORTH PRODUCTIONS

Seljavegur 2 · 101 Reykjavík · Iceland · t +354 511 1310
info@truenorth.is · www.truenorth.is